

Nefndasvið Alþingis
vt. efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2015.

Efni: Erindi Félags eigenda torfærubifreiða í atvinnurekstri (F.E.T.A.R) í tengslum við „Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016“, þingskjal 2 – 2. mál.

Þrátt fyrir að tími til að senda inn umsögn um framangreint lagafrumvarp séð liðinn vill undirritaður fyrir hönd F.E.T.A.R senda efnahags- og viðskiptanefnd eftirfarandi erindi til að leggja áherslu á mikilvægi þess að frekari breytingar verði gerðar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt í tilefni af þeim viðamiklu breytingum sem gerðar voru á þeim lögum með lögum nr. 124/2014 og lutu m.a. að breytingum á skattskyldu fólksflutninga í afþreyingarskyni. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi og gildandi rétti þá er ferðaleiðsögn í efra þrepi virðisaukaskatts eða 24%. Af þessu tilefni vill F.E.T.A.R koma á framfæri erindi sínu varðandi eftirfarandi:

Í VI. kafla Frumvarps til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016 eru lagðar til nokkrar minniháttar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og eru þær að hluta til í framhaldi af áðurnefndum breytingum sem gerðar voru á þeim lögum á þinginu undir lok síðasta árs og eiga að taka gildi þann 1. janúar 2016. Þegar nær dregur gildistöku þessara miklu breytinga á starfsumhverfi ferðaþjónustunnar hefur berlega komið í ljós að í þeim tilvikum þar sem ferðaleiðsögn er seld sérstaklega sem aðföng í pakkaferð sem felur í sér skipulagða hópferð með leiðsögn getur orðið til nokkuð flókið uppgjör á milli ferðaþjónustuaðila.

F.E.T.A.R telur, að til að þær breytingar sem taka munu gildi um áramót, nái að fullu tilgangi sínum og til að auðvelda skattframkvæmd, sé nauðsynlegt að fella ferðaleiðsögn undir 11% skatthlutfall virðisaukaskatts eins og m.a. hefur komið fram í umsögnum við umrætt lagafrumvarp. Í ljósi þessa að ferðaþjónusta mun að meginstofni til falla undir 11% skatthlutfallið eftir áramótin er rökrétt að ferðaleiðsögn verði einnig felld undir það skatthlutfall. Er þá fyrst og fremst til þess að líta hve ferðaleiðsögn er samvinnuð annarri ferðaþjónustu og þá sérstaklega farþegaflutningum í afþreyingarskyni, svo sem rútuferðum, hestaferðum, snjósleðaferðum, fjórhjólaferðum, útsýnisferðum, flúðasiglingum og hvalaskoðunarferðum. Slík samvinnun tveggja þjónustubátta, er falla hvor undir sitt skatthlutfallið, er til þess fallin að valda vandkvæðum í skattframkvæmd og skapa flókið uppgjör eins og áður sagði. Í tilfelli F.E.T.A.R eru það ferðir með jeppa- og torfærubifreiðum sem eru seldar ásamt margvíslegum þjónustubáttum og er nær alltaf um skipulagða hópferð með leiðsögn að ræða sem mun falla í 11% skatthlutfall til neytanda. Með óbreyttum reglum yrði aðkeypt ferðaleiðsögn, með eða án jeppa- eða torfærubifreið, seld út í 24%. Það á t.d. einnig við þegar ferðaleiðsögnin er seld út af sjálfstæðum rekstraraðila sem hefur tilskilin hópferðaleyfi og ferðaskipuleggjendaleyfi en ferðin sjálf er seld af öðrum aðila sem er jafnvel í sömu starfsemi og með sömu leyfi. Þá skilur ekki mikið á milli aðila hvað varðar ábyrgð á farþegum og ferðinni sem slíkri. Í einni skipulagðri hópferð með leiðsögn gætu verið tveir eða fleiri sjálfstæðir ferðaskipuleggjendur sem í þessu tilfelli eru að aka og leiðseggja farþegum undir hatti eins ferðaskipuleggjanda en í næstu ferð gæti það verið undir nafni annars. Í þessum geira er mikið um samvinnu og svokölluð „convoy“,

þ.e. bílalestir, algengar með aðkomu nokkurra ferðaþjónustuaðila. Þessi tilvik sem framan er lýst gætu verið nokkuð algeng og hefur F.E.T.A.R hefur áhyggjur af því að óbreytt fyrirkomulag geti skapað hættu á að aðilar reyni af fremsta megni að selja þjónustu sína í 11% til annarra ferðaskipuleggjenda með þeim afleiðingum að þeir komi sér í vanda gagnvart skattyfirvöldum þar sem þeir hefðu átt að innheimta 24% af sinni útseldu akstursþjónustu í þetta og hitt skiptið en ekki í öðru.


Það ber að taka það fram að umrædd breyting var framan af eingöngu kynnt eins og þessir aðilar væru að fara inn í virðisaukaskattsumhverfi í 11% og gerðu flestir jeppaleiðsögumenn ráðstafanir í þá átt. Það er eingöngu nýlega sem annað hefur komið í ljós.

Hvað varðar skilgreiningu á hugtakinu ferðaleiðsögn og það sem undir það fellur telur F.E.T.A.R eðlilegt að horft sé til þess hvernig störf leiðsögumanna í þágu ferðamanna eru skilgreind. Væri t.a.m. hægt að horfa til þess hvernig leiðsögumannanám er skilgreint af menntamálaráðuneytinu.

Er það von undirritaðs, fyrir hönd F.E.T.A.R, að efnahags- og viðskiptanefnd taki þetta atriði til skoðunar áður en umrætt frumvarp er afgreitt frá þinginu þannig að breytingar á skattumhverfi ferðaþjónustunnar geti gengið yfir á sem hagkvæmastan hátt fyrir bæði aðila í ferðaþjónustunni og stjórnvöld.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd F.E.T.A.R.



Vilhjálmur Hjörleifsson
Formaður